

# Strætó

Ársreikningur 30.sept 2023



Strætó bs.  
kt. 500501-3160  
Hesthás 14  
110 Reykjavík

# Strætó

Ársreikningur 30.sept 2023

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningssvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

Í upphafi árs sem og í árslok voru eigendur byggðasamlagsins sex, þeir eru:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

## Rekstur tímabilsins janúar til september 2023

Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 104,3 m.kr. (30.9 2022: neikvæð um 1.069,2 m.kr.), en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 216,5 m.kr. Betri afkoma skýrist af auka framlagi frá eigendum og aukningu í fargjöldum. Fjárfesting í vögnum hefur verið undir endurnýjunaráætlun undanfarin ár sem hefur haft þau áhrif að viðhalds- og rekstrarkostnaður hefur aukist, auk vaxandi verðbólgu. Eigið fé er í lok tímabilsins neikvætt um 108,2 m.kr. (31.12. 2022: jákvætt um 9,8 m.kr.). Handbært fé nam 585,4 m.kr. (31.12. 2022: 539,2 m.kr.), um 253 m.kr. af því fé er þó ekki hluti af fé til notkunar í daglegum rekstri heldur sérstaklega eyrnamerkt rafvagnakaupum, sem komu til landsins í ágúst.

Heimsfaraldur kórónaveiru, aukin verðbólga og olíuverðs- og launahækkningar hafa haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og hefur fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega. Eigendur lögðu félaginu til 520 m.kr. í október 2022. Einnig samþykktu eigendur í nóvember 2022 að auka rekstrarframlag um 520 m.kr. vegna ársins 2023. Með þessu er rekstrarhæfi Strætó af reglulegri starfsemi tryggt en þó einungis til skamms tíma. Styrkja þarf fjárhag félagsins til framtíðar og þurfa eigendur og ríki að leita allra leiða til að bæta reksturinn, ekki einungis til að mæta sveiflum í rekstri, heldur til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, orkuskipti í samgöngum og verkefni tengdum eflingu almenningssamgangna s.s. Borgarlínu.

Framlag ríkis er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningssamgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, aukid umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið endurnýjaður og gildir til ársins 2034.

Strætó innleiddi nýtt, rafrænt greiðsluferfi í lok árs 2021 (Klappið). Fyrirmynd nýja greiðsluferfisins er þekkt í almenningssamgöngum víða um heim, þar sem pappaspjöld, kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjald er greitt í vagninum. Framundan er enn frekari þróun á Klappinu þar sem meðal annars verða teknar upp svokallaðar snertilausar greiðslur og greiðslupak. Gera má ráð fyrir að þessar lausnir auðveldi viðskiptavinum, sérstaklega ferðamönnum og þeim sem sjaldan nota Strætó, töluvert að greiða fargjaldið.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Aldrei hafa fleiri innstig mælst í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu fyrstu níu mánuði ársins síðan reglulegar mælingar hófust. Innstig fyrstu níu mánuði ársins mældust 9,4 milljónir innstig en voru um 8,9 milljónir fyrir sama tímabil 2019, eða aukning um tæplega 5%.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Strætó fyrir tímabilið janúar til september 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24.nóvember 2023

### Stjórn:

Magnús Örn Guðmundsson, stjórnarformaður, Seltjarnarnes  
Alexandra Briem, varaformaður, Reykjavíkurborg  
Andri Steinn Hilmarsson, Kópavogur  
Kristín Thoroddsen, Hafnarfjörður  
Hrannar Bragi Eyjólfsson, Garðabær  
Lovísa Jónsdóttir, Mosfellsbær

### Framkvæmdastjóri:

Jóhannes Svavar Rúnarsson

# Rekstrarreikningur 1.janúar til 30.september 2023

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		1.1-30.9 2023	1.1-30.9 2022	1.1-30.9.2023
<b>Rekstrartekjur</b>				
Fargjöld .....		1.526.854	1.228.060	1.520.304
Rekstrarframlög eignaraðila .....	3	4.324.796	3.468.428	4.275.096
Ríkisframlag .....	15	679.500	679.500	679.503
Pant akstursþjónusta.....	4	1.159.436	1.026.105	1.117.587
Aðrar tekjur .....	5	308.871	292.992	269.888
Rekstrartekjur samtals		<u>7.999.457</u>	<u>6.695.085</u>	<u>7.862.378</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	6	2.441.603	2.306.177	2.496.492
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur .....	7	3.622.449	3.332.664	3.468.663
Pant akstursþjónusta.....	4	1.159.436	1.026.105	1.117.587
Annar rekstrarkostnaður .....	8	540.547	627.336	626.538
Rekstrargjöld samtals		<u>7.764.035</u>	<u>7.292.282</u>	<u>7.709.281</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA).....</b>		<u>235.422</u>	<u>( 597.197)</u>	<u>153.098</u>
Afskriftir .....	9	215.171	226.363	228.068
<b>Rekstrarniðurstaða (EBIT).....</b>		<u>20.251</u>	<u>( 823.560)</u>	<u>( 74.970)</u>
Vaxtatekjur.....		359	195	375
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		( 124.910)	( 245.809)	( 141.867)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>( 124.551)</u>	<u>( 245.613)</u>	<u>( 141.492)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u>( 104.300)</u>	<u>( 1.069.173)</u>	<u>( 216.462)</u>

# Efnahagsreikningur 30.september 2023

Eignir	Skýr.	30.09 2023	31.12 2022
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir fastafjármunir:	9		
Strætisvagnar og önnur ökutæki .....		1.393.036	1.207.097
Innréttingar, áhöld og tæki.....		134.266	53.506
Hugbúnaður.....		285.226	299.990
		<u>1.812.528</u>	<u>1.560.594</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	593.270	614.182
		<u>593.270</u>	<u>614.182</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.405.798</u>	<u>2.174.776</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	11	128.365	120.581
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur .....	12	64.101	62.761
Kröfur á tengda aðila.....		212.121	165.891
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		95.106	72.769
Aðrar skammtímakröfur .....		21.130	17.421
Handbært fé.....		585.405	539.236
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>1.106.228</u>	<u>978.660</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>3.512.026</u></u>	<u><u>3.153.436</u></u>

# Efnahagsreikningur 30.september 2023

	Skýr.	30.09 2023	31.12 2022
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Framlag eigenda .....		900.018	900.018
Ójafnað tap.....		( 994.561)	( 890.261)
<b>Eigið fé samtals</b>	13	<u>( 94.544)</u>	<u>9.756</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....		1.646.679	1.643.882
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	14	<u>1.646.679</u>	<u>1.643.882</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....		973.717	659.732
Næsta árs afborganir langtímalána.....	14	114.502	107.729
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		86.857	11.099
Aðrar skammtímaskuldir .....	18	784.815	721.238
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>1.959.891</u>	<u>1.499.799</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>3.606.570</u>	<u>3.143.680</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.512.026</u></u>	<u><u>3.153.436</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit 1.janúar til 30.september 2023

	Skýr.	1.1.-30.9 2023	1.1.-30.9 2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða .....		( 104.300)	( 1.069.173)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	215.171	226.363
Verðbætur og gengismunur .....		71.572	84.731
		<u>182.443</u>	<u>( 758.079)</u>
		<b>Veltufé frá (til) reksturs</b>	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....		( 7.784)	( 25.048)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 73.615)	( 129.274)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		453.319	749.550
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting .....		20.912	20.912
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum .....		<u>392.833</u>	<u>616.141</u>
		<u>575.276</u>	<u>( 141.939)</u>
		<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	9	( 467.105)	( 54.185)
		<u>( 467.105)</u>	<u>( 54.185)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
	14		
Afborganir langtímalána .....		( 62.002)	( 55.820)
Tekin ný langtímalán .....		0	400.000
		<u>( 62.002)</u>	<u>344.180</u>
Hækkun á handbæru fé		46.169	148.056
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>539.236</u>	<u>465.764</u>
Handbært fé í lok tímabils .....		<u>585.405</u>	<u>613.820</u>



# Skýringar með ársreikningi

## 1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Lögheimili samlagsins er að Hesthálsi 14, 110 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. Kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í lok tímabils. Gengismunur sem myndast vegna þessara er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlegar tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

### Uppjör við Brú lífeyrissjóð

Uppjör við Brú lífeyrissjóð var tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna, samanber lög nr. 127/2016. Skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1. janúar 2019 að telja.

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

# Skýringar með ársreikningi

## Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af seldum vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda, en almennt er miðað við afhendingu vöru.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru almennt færðar þegar þjónusta hefur átt sér stað og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### 3. Rekstrarframlög eignaraðila

	1.1-30.9 2023	1.1-30.9 2022
Rekstarframlag eigenda í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun ....	3.975.747	3.122.712
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja .....	99.049	75.715
Niðurgreiðsla nemakorta .....	250.000	270.000
	<u>4.324.796</u>	<u>3.468.428</u>

	Rekstrar- framlag	Niðurgreiðsla fatlaðra og aldraðra	Niðurgreiðsla nemakorta	Samtals
Reykjavíkurborg.....	2.453.375	61.122	174.069	2.688.565
Kópavogsbær.....	547.563	13.641	30.507	591.711
Hafnarfjarðarbær.....	386.583	9.631	23.161	419.375
Garðabær.....	297.258	7.406	8.608	313.272
Mosfellsbær.....	218.446	5.442	8.224	232.112
Seltjarnarnesbær.....	72.522	1.807	5.431	79.760
	<u>3.975.747</u>	<u>99.049</u>	<u>250.000</u>	<u>4.324.796</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

# Skýringar með ársreikningi

## 4. Pant akstursþjónusta

	1.1-30.9 2023	1.1-30.9 2022
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga .....	1.067.610	964.100
Fargjöld notenda .....	91.826	62.006
	<u>1.159.436</u>	<u>1.026.105</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur .....	1.158.623	1.024.684
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri .....	813	1.421
	<u>1.159.436</u>	<u>1.026.105</u>

Pant akstursþjónusta er akstursþjónusta fyrir aldraða og öryrkja. Verktakar annast allan akstur Pant akstursþjónustu. Allur beinn kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

## 5. Aðrar tekjur

	1.1-30.9 2023	1.1-30.9 2022
Þóknun - Pant akstursþjónusta .....	151.785	137.924
Þóknun - landsbyggðin .....	78.800	75.994
Aðrar tekjur .....	78.286	79.075
	<u>308.871</u>	<u>292.992</u>

## 6. Laun og launatengd gjöld

	1.1-30.9 2023	1.1-30.9 2022
Laun .....	1.981.299	1.869.709
Launatengd gjöld .....	460.304	436.468
	<u>2.441.603</u>	<u>2.306.177</u>

## 7. Rekstur vagna og aðkeyptur akstur

	1.1-30.9 2023	1.1-30.9 2022
Aðkeyptur akstur .....	2.929.211	2.716.082
Viðhalds og viðgerðakostnaður .....	231.497	189.336
Orkugjafar .....	325.331	291.494
Annar rekstrarkostnaður vagna .....	136.411	135.751
	<u>3.622.449</u>	<u>3.332.664</u>

## 8. Annar rekstrarkostnaður

	1.1-30.9 2023	1.1-30.9 2022
Skrifstofu- stjórnunarkostnaður .....	218.735	318.545
Sölu og kynningarkostnaður .....	44.879	48.503
Rekstur tölvubúnaðar .....	154.642	149.479
Húsnæðiskostnaður .....	122.291	110.809
	<u>540.547</u>	<u>627.336</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnum ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakverði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 01.01.2023 .....	3.695.387	407.981	455.375	4.558.743
Afskrifað áður .....	( 2.488.290)	( 354.474)	( 155.385)	( 2.998.149)
Bókfært verð 01.01 2023 .....	1.207.097	53.506	299.990	1.560.594
Viðbót .....	340.860	96.681	29.564	467.105
Afskrift .....	( 154.921)	( 15.921)	( 44.328)	( 215.171)
Bókfært verð 30.09 2023 .....	1.393.036	134.266	285.226	1.812.528
Afskriftahlutföll .....	8-13%	10-33%	14-20%	

## 10. Fyrirframgreidd framlög til Brúar lífeyrissjóðs

Á árinu 2018 greiddi Strætó bs. samtals 1.035,9 m.kr. vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Uppgjörið er tilkomið vegna breytinga á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samþykkt var á Alþingi með lögum nr. 127/2016. Samkvæmt samkomulagi Strætó bs. við Brú lífeyrissjóð er framlagið þrískipt:

- 238,1 m.kr framlag í jafnvæggissjóð, gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 720,3 m.kr. framlag í lífeyrisaukasjóð, gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 77,5 m.kr. framlag í varúðasjóð, gjaldfært á 20 árum frá 1.júní 2017

## 11. Birgðir

	30.09 2023	31.12 2022
Olía .....	11.587	17.558
Varahlutir .....	116.778	103.023
	<u>128.365</u>	<u>120.581</u>

## 12. Viðskiptakröfur

	30.09 2023	31.12 2022
Viðskiptakröfur .....	40.970	36.052
Viðskiptakröfur - Pant akstursþjónusta .....	25.231	28.810
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 2.100)	( 2.100)
	<u>64.101</u>	<u>62.761</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 13. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01 2023 .....		( 890.261)	( 890.261)
Stofnframlag .....	900.018		900.018
Rekstrarniðurstaða ársins .....		( 104.300)	( 104.300)
Staða 30.09. 2023 .....	900.018	( 994.561)	( 94.544)

## 14. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Lán og lántökur sem bera vexti eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vísitölu- og gengisbreytingu eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs .....	1.099.314	652.296	1.751.611
Afborgun ársins .....	( 23.238)	( 38.764)	( 62.002)
Verðbætur og afföll ársins .....	71.572	0	71.572
	1.147.649	613.532	1.761.181
Næsta árs afbrogun .....	( 48.800)	( 65.702)	( 114.502)
	1.098.849	547.830	1.646.679

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

Tímabilið 1.10 2023-30.09 2024 .....	114.502
Tímabilið 1.10 2024-30.09 2025 .....	115.043
Tímabilið 1.10 2025-30.09 2026 .....	115.616
Tímabilið 1.10 2026-30.09 2027 .....	66.927
Tímabilið 1.10 2027-30.09 2028 .....	251.104
Síðar .....	1.097.989
	<u>1.761.181</u>

## 15. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningsamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

# Skýringar með ársreikningi

## 16. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

## 17. Áframhaldandi rekstrarhæfi

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins síðustu tvö ár og fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega frá upphafi faraldurs. Þá hefur árið 2022 verið félaginu erfitt sökum hækkandi kostnaðar á aðföngum umfram hækkun tekna, langt umfram það sem fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Eigendur lögðu félaginu til 520 m.kr. í október 2022 sem viðbótar rekstrarframlag. Einnig samþykktu eigendur í nóvember 2022 að auka rekstrarframlag um 520 m.kr. miðað við upphaflegar áætlanir vegna ársins 2023.

Áframhaldandi rekstrarhæfi Strætó af reglulegri starfsemi hefur verið tryggt með auknu rekstrarframlagi eigenda á árinu 2023. Þá bera eigendur beina ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

## 18. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmetrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur að viðbættum dráttarvöxtum. Gjaldfærð hefur verið 322 m.kr. vegna framangreinds máls. Niðurstöðu dóms hefur verið áfrýjað til Landsréttar.